

Sp.

265. Tillaga til þingsályktunar

[145. mál]

um aðstoð frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins.

Flm.: Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga möguleika á því, að Íslendingar hagnýti sér aðstoð frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins (The Council of Europe Resettlement Fund) í þeim tilgangi að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Greinargerð.

Á vegum Evrópuráðsins er svokallaður Viðreisnarsjóður (Resettlement Fund), sem hefur það hlutverk að aðstoða Evrópulönd við lausn vandamála, sem stafa af tilflutningi fólks, þar með talið landflóttamanna. Sjóður þessi var stofnaður af 8 aðildarríkjum Evrópuráðsins, og var Ísland eitt þeirra. Sjóðurinn gegnir hlutverki sínu með því að veita lán eða tryggingu fyrir lánnum til framkvæmda, sem ætlað er að skapa nýja möguleika til lífsframfæris, þar sem þess gerist þörf vegna tilflutninga fólks.

Síðan Viðreisnarsjóðurinn tók til starfa árið 1957 til ársloka 1962 hefur hann veitt lán samtals að upphæð \$ 25.4 millj. Fyrstu árin var aðalverkefni sjóðsins bundið við flóttamannavandmál Vestur-Þýzkalands. Með því að það vandamál er nú í þessu sambandi að mestu úr sögunni, hefur starfsemi sjóðsins síðustu árin beint einkum að Grikklandi, Tyrklandi, Ítalíu og Kýpur. Í þessum löndum hafa vandamálin aðallega risið af fólksflutningum innan hvers lands. Aðstoð Viðreisnarsjóðsins hefur hér ekki miðað fyrst og fremst að því að skapa fólkinu lífsskilyrði á þeim stöðum, sem það leitar til, heldur eigi síður að því að bæta aðstöðuna í þeim landshlutum, sem fólkið flyzt frá, til þess að stöðva fólksflóttann, þ. e. viðhalda jafnvægi í byggð landsins.

Við Íslendingar höfum um langt árabil átt við að etja vandamál, sem stafa af tilflutningi fólks í landinu, svo sem alkunna er. Svo mjög sem þau mál hafa verið á dagskrá hin síðari ár, verður ekki annað sagt en nokkuð hafi skort á raunhæfar aðgerðir til úrbóta. Þetta á sér að nokkru leyti þær skýringar, að fjármagn hefur skort. Verkefnin hafa kallað að, hvar sem er á landinu. Framfarir hafa og vissulega orðið um allt land. En á sama tíma hefur ekki dregið úr fólksflótta frá sumum landshlutum, eins og gleggst má sjá á Vestfjörðum.

Til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins þarf sérstakra aðgerða við, sem verulegt fjármagn þarf til. Möguleiki á að vera á því, að Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins veiti aðstoð til slíkra aðgerða. Það fer þó eftir því, hvert mat sjóðsstjórnin leggur á fyrirhugaðar aðgerðir. Málið þarf því athugunar við. Þessi tillaga er flutt í þeim tilgangi, að sú athugun fari fram.